



# Skógarvörðurinn á Norðurlandi Starfsskýrsla fyrir árið 2005



Úr Furuhól

**Sigurður Skúlason**

# 1. VEÐURFAR ÁRSINS

## 1.1. Tíðarfarsyfirlit

**Í janúar** voru suðlægar áttir algengastar. Hámarkshiti mældist 10,5 stig, 28. janúar. Lágmarkshiti mældist -15,6 stig, 13. janúar, sem var mesta frost á árinu. Meðalhiti í janúar var -1,89 stig. Meðalsnjódýpt í janúar var 75 cm, mest 99 cm, 21. janúar. Úrkoma í janúar var 95 mm, mest 31,6 mm, 4. janúar. Meðalvindhraði í janúar var 7.9 hnútar. Jarðskjálfti varð kl. 15,30, 5. janúar. Mikið af glitskýjum í suðaustri 30. janúar.

**Í febrúar** voru sunnan- og suðaustan áttir tíðastar. Hámarkshiti mældist 11,6 stig, 21. febrúar. Lágmarkshiti mældist -15,3 stig, 5. febrúar. Meðalhiti í febrúar var -1,11 stig. Meðalsnjódýpt í febrúar var 23 cm, mest 28 cm, 1. 4. 5. og 6. febrúar. Úrkoma í febrúar var 18,7 mm, mest 6,1 mm, 4. febrúar. Meðalvindhraði í febrúar voru 5.5 hnútar.

**Í mars** voru suðlægar áttir, þó nokkuð bæri á norðanátt. Hámarkshiti mældist 13,6 stig, 26. mars. Lágmarkshiti mældist -13,3 stig, 15. mars. Meðalhiti í mars var 0,57 stig. Meðalsnjódýpt í mars var 36 cm, mest 36 cm, 18. mars. Meðalvindhraði í mars voru 5.0 hnútar. Skógarprestir komnir 23. mars. Álftir komnar 31. mars.

**Í apríl** voru breytilegar áttir, þó bar mest á norðlægum áttum. Hámarkshiti mældist 13,5 stig, 20. apríl. Lágmarkshiti mældist -12,5 stig, 7. apríl. Meðalhiti í apríl var 1,49 stig. Meðalsnjódýpt í apríl var 31 cm, mest 36 cm, 8. apríl. Meðalvindhraði í apríl voru 5,0 hnútar. Gæsir komnar 13. apríl. Lóan komin 18. apríl og hrossagaukur 19. apríl.

**Í maí** voru norðlægar áttir algengastar. Hámarkshiti mældist 14,8 stig, 14. maí. Lágmarkshiti mældist -1,17 stig, 18. maí. Meðalhiti í maí var 3,54 stig. Snjór mældist á jörðu í 14 daga í maí, mest 7 cm, 21. maí. Úrkoma í maí var 21,2 mm, mest 6,8 mm, 21. maí. Meðalvindhraði í maí voru 5.2 hnútar. Maríuerlan og spóinn komin 3. maí. Gránaði í fjöll og láglandi 15. maí.

**Í júní** voru norðaust- og norðvestlægar áttir tíðastar. Hámarkshiti mældist 19,3 stig, 28. júní. Lágmarkshiti mældist -2,7 stig, 5. júní. Meðalhiti í júní var 8,98 stig. Úrkoma í júní var 37,3 mm, mest 10,8 mm, 20. júní. Meðalvindhraði í júní voru 6,0 hnútar. Tún algræn 6. júní og úthagi algrænn 16. júní.

**Í júlí** voru breytilegar áttir, hægviðri og logn. Hámarkshiti mældist 22,9 stig, 14. júlí, sem var mesti hiti sem mældist á árinu. Lágmarkshiti mældist 1,7 stig, 27. júlí. Meðalhiti í júlí var 11,69 stig. Úrkoma í júlí var 58,4 mm, mest 16,6 mm, 11. júlí. Meðalvindhraði 5,4 hnútar. Sláttur hafinn í Fnjóskadal 3. júlí.

**Í ágúst** voru norðlægar áttir og logn algengast. Hámarkshiti mældist 19,8 stig, 8. ágúst. Lágmarkshiti mældist -0,8 stig, 28. ágúst. Meðalhiti í ágúst var 7,89 stig. Úrkoma í ágúst var 101,4 mm, mest 18,7 mm, 26. ágúst. Meðalvindhraði í ágúst voru 4,3 hnútar. Prumuveður var 2. ágúst. Gránaði í fjöll 26. og 31. ágúst.

**Í september** bar mest á norðaustlægum áttum. Hámarkshiti mældist 13,4 stig, 10. september. Lágmarkshiti í september var -3,9 stig, 8. september. Meðalhiti í september var 3,04 stig. Úrkoma í september var 142,2 mm, mest 33,8 mm, 27. september. Snjór mældist á jörðu í 10 daga í september, mest 22 cm, 25. og 26. september. Meðalvindhraði í september voru 4,4 hnútar. Úthagi farinn að sölna 3. september.

**Í október** voru hægviðri, logn og norðanáttir tíðastar. Hámarkshiti mældist 10,4 stig, 15. október. Lágmarkshiti mældist -11,0 stig, 14. október. Meðalhiti í október var -0,62 stig. Úrkoma í október var 111,1 mm, mest 15,4 mm, 29. október. Meðalsnjódýpt í október voru 19 cm, mest 23 cm, 31. október. Meðalvindhraði í október voru 3,7 hnútar.

**Í nóvember** voru logn og suðaustlægar áttir algengastar. Hámarkshiti mældist 8,0 stig, 20. nóvember. Lágmarkshiti mældist -13,8 stig, 4. nóvember. Meðalhiti í nóvember var -2,60 stig. Úrkoma í nóvember var 68,2 mm, mest 12,6 mm, 7. nóvember. Meðalsnjódýpt í nóvember var 32 cm, mest 35 cm, 3. og 4. nóvember. Meðalvindhraði í nóvember voru 4,2 hnútar.

**Í desember** voru sunnan- og suðaustan áttir tíðastar. Hámarkshiti mældist 9,7 stig, 25. desember. Lágmarkshiti mældist -11,7 stig, 16. og 17. desember. Meðalhiti í desember var -0,52 stig. Meðalsnjódýpt í desember var 25 cm, mest 25 cm, 5. 6. og 7. desember. Meðalvindhraði í desember voru 6,6 hnútar. Glitský á himni 14. desember.





**Prastarhreiddur**

## 1.2. Tafla yfir hita og úrkomumælingar í Lerkihlíð 2005

	Meðalhiti C°		Úrkoma mm.	
Janúar	-1,89	( -4,11)	95,0	(201,5)
Febrúar	-1,11	( -1,30)	18,7	( 54,8)
Mars	0,57	( 2,38)	55,7	( 45,2)
Apríl	1,49	( 3,54)	61,0	( 34,4)
Mái	3,54	( 5,49)	21,2	( 71,2)
Júní	8,98	( 9,43)	37,3	( 24,1)
Júlí	11,69	(11,64)	58,4	( 25,1)
Ágúst	7,89	(10,75)	101,4	( 12,8)
Sept.	3,04	( 6,65)	142,2	(112,1)
Okt.	-0,62	( 1,59)	111,1	(135,3)
Nóv.	-2,60	( -1,67)	68,2	( 80,5)
Des.	-0,52	( -3,35)	34,3	( 77,3)
	<b>2,54</b>	<b>( 3,42)</b>	<b>804,5</b>	<b>(874,3)</b>

### Tölur í svigum sýna hita og úrkomu 2004



### 1.2. Meðalhiti í júní - september.

Meðalhiti í júní – sept. var 7.9 stig, en var 9.62 stig sömu mánuði 2004.

### 1.3. Hitastig undir frostmarki við jörð 10. maí - 20. sep

10/5	-0,4	24/5	-1,4	6/8	-0,5
11/5	-2,4	25/5	-5,3	23/8	-0,2
15/5	-2,0	26/5	-6,1	28/8	-2,0
16/5	-5,6	27/5	-6,4	3/9	-1,3
17/5	-5,9	28/5	-4,1	5/9	-0,3
18/5	-8,8	29/5	-5,1	7/9	-3,1
19/5	-5,6	30/5	-3,6	8/9	-4,9
20/5	-1,7	1/6	-0,5	9/9	-2,7
21/5	-3,6	4/6	-3,1	12/9	-3,6
22/5	-2,6	5/6	-3,6	15/9	-2,8
23/5	-2,2	6/6	-1,0	16/9	-0,7

### 1.4. Tafla yfir hámarkshita yfir 20. stig

13/7	20,0	23/7	22,0
14/7	22,9	24/7	22,5
15/7	22,2	27/7	21,1
20/7	21,8	30/7	20,0

## 2. VÖXTUR OG ÞRIF TRJÁGRÓÐURS.

### 2.1. Laufgun og lauffall

Lerki byrjað að springa út 19. apríl, komið með græna sliktu 4. maí og algrænt 3. júní. Brum á birki farið að þrútna 8. maí, hálfútsprungið 3. júní og algrænt 8. júní. Stöku greinar á birki farnar að gulna 18. ágúst, algulnaðar 20. september. Lauffall á birki byrjað 6. september. Lerki nálalaust 14. október.

### 2.2. Vöxtur

Vöxtur á trjágróðri var í meðallagi þetta ár.



### 2.3. Fræfall

Fræfall á birki var ekki mikið þetta ár og engu safnað. Frærækt í fræhúsi á Vöglum gekk ekki nógu vel eins og síðasta ár, lítil spírun er á fræinu. Safnað var könglum af skógarfuru í Þórðarstaða- og Vaglaskógi, vegna sáningar fyrir tilraun.

Það sem safnað var af trjáfræi 2005 var sem hér segir:

#### Úr skógi:

Skógarfurufræ í tilraun

#### Úr fræhúsi:

Rússalerki	3670 gr
Fjallalerki	590 gr
Sifja x rússalerki	72 gr
Hálendisbirki	135 gr
Fnjóskadalsbirki	890 gr



Tíndir könglar af skógarfuru

### 2.4. Skaðar

Skaðar á trjágróðri í umdæminu voru ekki miklir þetta ár. Þó var maður í birki og köngulingur í greni eins og síðustu ár en þó misjafnt eftir stöðum. Skemmdir voru nokkrar á lerki í Eyjafirði og Skagafirði. Er nokkuð farið að sjá á birkiskóginum vegna maðkaplágu undanfarinna ára.

### 3. STARFSFÓLK

Starfsfólk var svipað og síðasta ár. Guðni Þ. Arnþórsson, verkstjóri og aðstoðarskógarvörður. Sigurpáll Jónsson var verkstjóri í skógi, Margrét Guðmundsdóttir sá um skrifstofustörf, bókhald, kortavinnu, áætlanagerð ofl, Guðrún Jónsdóttir vann í gróðrarstöð, frærækt, erfðaefni, veðurtöku og afgreiðslu á plöntum úr dreifingarstöð fyrir Norðurlandsskóga. Aðrir starfsmenn voru Kristján Jónsson, Ingimundur Gunnarsson, Teitur Davíðsson og Þuríður Davíðsdóttir, sem var sumarstarfsmaður.

Starfsmenn voru 9 á launaskrá þegar flest var.

Laun og launatengd gjöld voru alls kr. 23,582,434, sem skiptust þannig: BSRB laun kr. 7,126,872, dagpeningar kr. 618,504, akstur kr. 443,963, ASÍ laun kr. 15,393,095.

### 4. GIRÐINGAR

#### 4.1. Viðhald

Viðhald girðinga var í meðallagi þetta ár. Haldið var áfram við niðurrif gamalla girðinga í samstarfi við verkefnið “Margar hendur vinna létt verk” hjá Landsvirkjun. Unnið var í Fellsskógi, á Þórðarstöðum, Belgsá og í Vaglaskógi og vil ég þakka Landsvirkjun fyrir þetta samstarf.

Kostnaður við viðhald girðinga var kr. 679,504, sem skiptust þannig: Laun og launatengd gjöld kr. 494,680, alls 394 vinnustundir. Verktakar kr. 153,600. Annar kostnaður kr. 31,224.

Kostnaður við smölun var kr. 103,511, þar af kr. 100,944 í verktaka.

#### 4.2. Nýgirðingar

Engar nýgirðingar voru girtar þetta ár

### 5. SKÓGARHÖGG

#### 5.1. Viður

Skógarhögg og grisjun var að mestu í Vaglaskógi og Þórðarstaðaskógi.

Í Vaglaskógi var grisjað í eftirtöldum reitum:

Nr. 98, 251, 282, 285, 286, 288, 289, 293, 294, 295, 296, 306, 309, 310, 315, 316, 340, 342, 343, 344, 382 og 487.

Grisjað var lerki í reit 487 í samvinnu við Norðurlandsskóga til að mæla kostnað við grisjun með kjarrsög og keðjusög í fyrstu grisjun og þá hvað lerkiskógur má vera gamall ef nota á kjarrsög..

Tekið var birki og grisjuð fura, greni, balsamþinur og lerki.

Í Þórðarstaðaskógi var grisjað birki, rauðgreni, hvítgreni, blágreni og stafafura í eftirtöldum reitum:

15, 18, 142, 143, 154, 159, 164, 234, 235, 238, 241 og 242.

Felldur viður:

Birki	ca	130 tonn
Lerki	ca	3 tonn
Greni	ca	15 tonn
Fura	ca	3 tonn

### 5.1.1. Sala girðingarstaura

Engir girðingastaurar voru seldir á árinu.

### 5.1.2. Viðarsala

Arinviður stórir ca 20 kg	5,036	pk
Arinviður litlir ca 12 kg	211	pk
Smíðaviður	95,2	m
Reykingaviður	525	kg
Birkikurl/flís	3,025	kg
Plattar	1,625	stk
Beðkurl saltp.	26	m <sup>3</sup>
Beðkurl pk	23	pk
Eldiviður	15	m <sup>3</sup>



Fletting á birki



Birkiborð

### 5.1.3. Birgðir í árslok

Birki óunnið ca	16 tonn	Plattar óheflað	485	stk
Greni óunnið ca	4 tonn	Plattar heflað birki	1,355	stk
Smíðaviður birki	212 m	Plattar heflað lerki	5,305	stk
Smíðaviður lerki	68 m	Viðarkol	117,5	kg
Smíðaviður fura	20 m	Birkikurl/flís	1,175	kg
Staurar 6 fet	696 stk	Reykingarviður	540	kg
Staurar 5 fet	222 stk	Eldiviður	2	m <sup>3</sup>
Arinviður stórir	418 pk	Beðkurl	8	m <sup>3</sup>
Arinviður litlir	116 pk			

Vinnustundir við skógarhögg og viðarvinnslu voru 5,724 og laun og launatengd gjöld kr. 7,781,272, þar af kjarasamningagjöld s.s. orlof, veikindi að aðrar samn.bundnar launabætur kr. 2,256,301 alls 1,544 vinnustundir.



## 5.2. Jólatré

Byrjað var að fella jólatré 7. nóvember og síðan fram að jólum eftir þörfum. Alls voru felld 231 tré á eftirtöldum stöðum.

	<b>Rauðgr</b>	<b>Stafafura</b>	<b>Blágreni</b>	<b>Fjallap.</b>	<b>Samtals</b>
Sigríðastaðaskógur	19	4	1		24
Vaglaskógur	24		20	10	54
Vaglir Þelamörk	95	54			149
Þórðarstaðaskógur	6				6
<b>Alls</b>	<b>144</b>	<b>58</b>	<b>21</b>	<b>10</b>	<b>233</b>

## Seld tré

<b>Stærð</b>	<b>Rauðgr</b>	<b>Stafafura</b>	<b>Blágreni</b>	<b>Fjallap</b>	<b>Samtals</b>
070-100	1	1	3		5
101-125	13		1	1	15
126-150	44	12	11	3	70
151-175	18	11	4	4	37
176-200	20	15			35
201-250	2			1	3
251-300	13		2		15
301-400	5			1	6
401-500	4				4
501-600	4				4
<b>Alls</b>	<b>124</b>	<b>39</b>	<b>21</b>	<b>10</b>	<b>194</b>

Laun og launatengd gjöld v/töku og afh. jólatrjáa og greina var kr. 666,926, alls 512 vinnustundir, þar af kr. 86,245, alls 63 vinnustundir í kjarasamningagjöld.

## Tekjur skiptust þannig:

	<b>Sala</b>	<b>Aðkeypt</b>	<b>Mismunur</b>
Jólatré	666,055		666,055
Greinar	43,541		43,541
<b>Samtals</b>	<b>709,596</b>		<b>709,596</b>

## 6. GRÓÐRARSTÖÐ

### 6.1. Fræplöntur

Sáð var í júní lerki af 13 kvæmum og 140 afkvæmahópum í tilraunaverkefnið NPP/SibLarch, skógarfuru í sáðbakka, sem var svo prikklað í Fp40 v/tilraunar og kastaníu í potta í maí. Einnig var sáð rússalerki í 50 Fp40 bakka til eigin nota.

### 6.2. Dreifsetning

Engum græðlingum var stungið 2005.

### 6.3. Garðplöntur

Pottaplöntur voru seldar fyrir kr. 398,757. Engum sumargræðlingum var stungið en pottaðar voru 230 plöntur, þar af 200 v/fræræktar. Seldar og afhentar voru 1,348 pottaplöntur.

### 6.4. Afhending skógplantna

Afhentar voru 8,337 fjölpottaplöntur úr gróðrarstöðinni.

Seldar fjölpottaplöntur	kr. 190,541
Mf. í eigin skóglendi	kr. 38,941
<b>Samtals</b>	<b>kr. 229,482</b>

### 6.5. Illgresiseyðing

Illgresiseyðing var með svipuðu sniði og undanfarin ár.

### 6.6. Nýframkvæmdir

Engar nýframkvæmdir voru í gróðrarstöð þetta ár.

## 6.8. Kostnaður

Vaglir	Kr.	Vinnust.
Afhending	97.280	77
Plöntuuppeldi almennt	134.758	108
Moldarfylling	93.379	81
Sáning	183.787	162
Stiklingar viðargræðlingar	172.579	138
Umhirða	374.511	304
Verkstjórn	8.500	6
Vetrarumbúnaður	78.281	60
Grisjun í bökkum	50.621	51
Prikklun	333.613	295
Kjarasamningagjöld	114.680	73
<b>Alls</b>	<b>1.641.989</b>	<b>1.355</b>

Innifalið í þessum kostnaði er öll vinna við uppeldi tilraunaplantna.

## 7. GRÓÐURSETNING

### Tafla yfir tegundir, kvæmi og plöntufjölda

	Tegundir	Aldur	Kvæmi	Nr	Fjöldi	Reitur
Hálsmelar	Rússalerki	1/0	Vaglahús	203018	484	
	Reyniviður		Ýmis kvæmi		157	
					<b>641</b>	
V-Þelamörk	Reyniv/rússal		Þéttleikatilraun	370/1500		384,387,388,389
	Reyniviður		Afkvæmahópar		370	387
					<b>2240</b>	

Laun og launatengd gjöld við gróðursetningu kr. 90,453, alls 69 vinnustundir.

## 8. HIRÐING Í SKÓGLENDUM

Kjarsögun vega	Skuggabjörg	kr. 34,440	24 tímar
“	Vaglaskógur	kr. 50,507	45 tímar
“	Vagfir Þelamörk	kr. 12,525	14 tímar
Umhirða gönguleiða	Ásbyrgi	kr. 7,049	6 tímar
“	Fellsskógur	kr. 10,190	9 tímar
“	Grundarreitur	kr. 48,998	39 tímar
“	Kristnes	kr. 3,874	3 tímar
“	Vaglaskógur	kr. 12,504	11 tímar



Úr Grundareit

## 9. BYGGINGAR

Viðhald húseigna var með mesta móti þetta ár. Þar er helst að nefna að lagt var í jörðu 3ja fasa rafmagn í húseignir á Vöglum, skemmu, gróðurhús, starfsmannahús, Vagli 1 og Vagli 2 og auk þess í íbúðarhúsið á Þórðarstöðum. Af þessu varð töluverður kostnaður vegna tengigjalda og breytinga á raflögnum. Skipt var um klæðningu á þaki á skemmu á Vöglum, járn tekið af og sett í staðinn járnklæðning með einangrun, sem keypt var af Landstólpa. Breytir þetta miklu varðandi lekavandamál, sem stafaði af lélegri einangrun í þaki. Keypt voru 2 snyrtihús á þjónustuplan og tjaldsvæðið syðst í Vaglaskógi frá Hafnarbakka og sett niður stór rotþró með siturlögn á tjaldsvæðið syðst í skóginum. Annað viðhald var í lágmarki

## 10. VÉLAR OG VERKFÆRI

Viðhald véla var töluvert á þessu ári. Rekstrarleigubíllinn OO-678 varð tvisvar fyrir tjóni á árinu. Keyptur var sagarþekkur, sem hægt er að setja á bæði bandsög og keðjusög. Sagarþekkurinn og bandsögin er af Woodworkers Mill gerð og keðjusögin er frá Husqvarna.

## 12. ÝMISLEGT

### 12.1. Fundir og ferðalög

Fundir og ferðalög voru þessi helst 2005:

- 5/1 Skoðaði snyrtihús hjá Hafnarbakka í Hafnarfirði.
  - 3.-4/2 Sat fundi Fræðapings í Reykjavík
  - 8/2 Stjórnarfundur Norðurlandsskóga.
  - 10/2 Fór í Skagafjörð til að afhenda hús og land, sem sveitarfélagið yfirtók.
  - 17/2 Fór til Akureyrar vegna opunar skrifstofu í Gömlu gróðrarstöðinni.
  - 18/3 Fundur á Mógilsá í Erfðalindarhópnum Betri tré.
  - 21/3 Fundur á Keldnaholti með stjórnnum Landshlutaverkefnanna og Grænni skóga. Stjórnarfundur NLS á Hótel Sögu.
  - 31/3 Fundur á Akureyri vegna útgáfu gönguleiðabæklings með fulltrúa frá Athygli.
  - 7/4 Fór á fund á Egilsstöðum vegna starfsáætlunar.
  - 11/4 Fundur á Mógilsá í Erfðalindarhóp.
  - 2/5 Fundur Þróunarsviðs á Egilsstöðum
  - 11/5 Fór á afmælisfund Skf. Eyfirðinga.
  - 19/5 Stjórnarfundur NLS
  - 18/6 Aðalfundur Skf. S-Þingeyinga í Ídölum.
  - 30/6 Fór í Skagafjörð með plöntur ofl.
  - 13/7 Fór á samráðsfund með þjóðgarðsverði í Ásbyrgi.
  - 3/8 Fór með plöntur á Húsavík í Landgræðsluskóga.
  - 11-20/8 Fór í ferð til Nýfundnalands með Skf. Íslands
  - 26-28/8 Aðalfundur Skf. Íslands á Lýsuhól Snæfellsnesi
  - 31/8 Fór með fulltrúum frá Skf. Eyfirðinga í Leyningshóla
  - 22/9 Stjórnarfundur NLS
  - 5/10 Fundur í Heiðmörk í Erfðalindarhóp
  - 12/10 Málþing um Hekluskóga í Reykjavík
  - 15/10 Málþing á Hallormsstað
  - 22/11 Fundur á Vöglum um Umhirðu- og nýtingaráætlun fyrir Vaglaskóg.
  - 9/12 Stjórnarfundur NLS
- Ennfremur heimsótti ég á árinu eins og venja er skóglendi á Norðurlandi vegna eftirlits og framkvæmda.



## 12.2. Ferðafólk

Gerður var 5 ára leigusamningur við Ferðapjónustuna í Vaglaskógi um tjaldsvæðin í Vaglaskógi. Unnið var við miklar endurbætur á tjaldsvæðunum syðst í skóginum, Flatagerði og á þjónustuplani. Keypt voru 2 snyrtihús eins og kemur fram í kaflanum um byggingar og sett niður stór rotþró skv. kröfum heilbrigðiseftirlits. Tengt var rafmagn í þessi nýju hús auk eins eldra snyrtihúss og settir upp rafmagns tengistaurar fyrir húsbíla, hjólhýsi og fellihýsi. Kostnaður við þessar framkvæmdir voru verulegar. Þessi bættu aðstaða hefur mælst vel fyrir, því nú getur fólk farið í sturtu og haft rafmagn í farartækjum sínum. Vegna krafna frá heilbrigðiseftirlitinu voru öll leiktæki á útivistarsvæðunum í Vaglaskógi tekin niður vegna þess að þau standast ekki nútímakröfur. Vinna þarf að því að kaupa ný leiktæki og undirlag, sem viðurkennt er. Þessu verkefni mun fylgja töluverður kostnaður, sem verður líklega að dreifa á næstu ár.

Skráðar gistinætur í Vaglaskógi voru 9,898, sem skiptust þannig eftir mánuðum: Í júní 1,756. Í júlí 6,568 og í ágúst 1,574.

Tekjur af útivistarsvæðinu voru kr. 850,000.

Laun og launat. gjöld voru kr 1,061,797 alls 922 vinnustundir og þar af kjarasamningagjöld kr 204,609, 165 vinnustundir. Annar kostnaður kr. 2,907,218, sem eru afborganir af snyrtihúsum, rafmagnsstaurar og rafmagnsinntak, rotþró og verktakar.



Snyrtihús á þjónustuplani Vaglaskógi



Snyrtihús á tjaldsvæði syðst í Vaglaskógi

#### **12.4. Annað**

Ekki var mikið um heimsóknir hópa þetta ár. 25. júlí kom 44 manna hópur danskra bænda í heimsókn og skoðuðu skóginn og starfsemina. Einn af þessum bændum hafði unnið í Vaglaskógi eitt sumar á yngri árum.

Tók á móti 30 manna hóp frá Skjólaskógum, sem var á námskeiðinu Grænni skógum á Akureyri.

Byrjað var á undirbúningi við umhirðu og nýtingaráætlun fyrir Vaglaskóg. Rúnar Ísleifsson hefur umsjón með þessu verki. Stofnaður var vinnuhópur um þetta verkefni sem í eru: Rúnar Ísleifsson, Þröstur Eysteinnsson, Margrét Guðmundsdóttir, Hallgrímur Indriðason og Sigurður Skúlason.

Freyr Ævarsson fékk aðstoð við greiningu á sýnum í frostþolsrannsókn eins og síðasta ár.

Unnið var áfram að útgáfu bæklinga um Vaglaskóg með fulltrúa frá Athygli. Verkið hefur gengið mjög seint en vonast er til að bæklingurinn verði tilbúinn fyrir sumarið 2006.

Ég vil að lokum þakka samstarfsfólki mínu gott samstarf á árinu.

6. nóvember 2006

Sigurður Skúlason, skógarvörður